



Fundargerð stjórnar

10. fundur

Mánudaginn 21. maí 2007 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Höfðahrepps og hófst fundur kl 13.30. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson, Páll Dagbjartsson og Magnús B. Jónsson.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

1. Kosning formanns og ritara.

Gunnar Bragi Sveinsson var kosinn formaður stjórnar og Magnús B. Jónsson ritari.

2. Staða urðunarmála.

Tekið var til umfjöllunar hvernig hafi gengið að fá svör við hvort svæðið við Draugagil á Blönduósi geti orðið næsti valkostur til urðunar sorps fyrir allt svæðið sbr. greinargerð Línuhönnunar um stöðu í urðunarmálum (mars 2007). Magnús gerði grein fyrir fundi sem hann sat með fulltrúum Blönduósbæjar og eigenda Hjaltabakkalands. Samkvæmt óformlegum upplýsingum sem lágu fyrir fundinum er ekki líklegt að samningar um aukna landnotkun við Draugagil beri árangur á næstunni og því var það mat stjórnar að rétt sé að kanna aðra valkosti. Stjórnin var sammála um að láta gera könnun á annarsvegar jarðfræðilegum forsendum á urðunarsvæðinu á Harrastaðamelum og hins vegar kanna hug landeigenda til þess að gerður verði samningur um aukið land til urðunar. Stjórnin setti sér þau tímamörk að svör liggi fyrir um málið fyrir 15. júní nk.

3. Frágangur eftir aðalfund.

Fundarmenn yfirfóru fundargerð aðalfundar og samþykktu að senda hana til aðildarsveitarfélaga.

Farið var yfir hvernig ganga bæri frá breytingum á stofnsamningi sem samþykktar voru á aðalfundinum. Magnúsi falið að hafa samband við Guðjón Bragason lögfræðing Sambands íslenskra sveitarfélaga og fá ráðgjöf um hvort leita þurfi staðfestingar ráðuneytis eða auglýsa samþykktir í stjórnartíðindum.

Rætt var um endanlegan frágang svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2007-2020 sem samþykkt var á aðalfundinum. Gunnar Bragi tók að sér að fara yfir það með skýrsluhöfundi hvaða formlega frágang þyrfti að viðhafa.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 14.30

Gunnar Bragi Sveinsson

Páll Dagbjartsson

Magnús B. Jónsson